

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA

---

## 1. grein

Íslandsmót unglingsaliða skal haldið árlega og skal haldið á tímabilinu október til apríl. Unglingar sem eru í 5. til 10. bekk grunnskóla hafa þátttökurétt. Unglinganefnd er heimilt að veita undanþágu fyrir einn keppanda úr 4. bekk í hverri umferð.

Það þarf að lágmarki 8 lið til þátttöku til að keppni fari fram.

## 2. grein

Rétt til þátttöku í Íslandsmóti unglingsaliða hafa öll félög innan KLÍ og skulu þau skila inn tilkynningu um þátttöku í mótinu fyrir lið sín eigi síðar en 30. september.

Unglingsalið skulu skipuð a.m.k. 3 unglungum og er heimilt að hafa blönduð lið pilta og stúlkna. Þeir leika hverju sinni. Um liðaskipti milli unglingsaliða, innan félags eða milli félaga, gilda almennar liðaskiptareglur KLÍ. Þjálfari eða liðsstjóri skal fylgja unglingsaliðum til keppni. Liði er ekki heimilt að hefja leik ef þjálfari eða liðsstjóri er ekki á staðnum.

## 3. grein

Leikið skal í einni deild. Lágmark 8-4 lið í deildinni. Leikið skal eftir eftirfarandi fyrirkomulagi:

~~i) 4-6 lið fimmföld umferð~~

~~ii) 7-12 lið skipt í tvo riðla og leikinn fjórföld umferð. Tvær umferðir innan riðils við öll liðin og tvær umferðir við öll liðin í hinum riðlinum~~

Öll liðin keppa við hin liðin í hverri umferð, einn leik. Tvö stig fyrir unnin leik og eitt stig fyrir jafntefli. Séu lið jöfn að stigum skal heildarpinnafall ráða. Séu liðin jöfn að pinnum skal hlutkesti ráða. Þjálfarar liðanna skulu, undir stjórn mótsstjóra, varpa hlutkestinu.

## 4. grein

### Úrslitakeppni án riðla

Fjögur efstu liðin eftir síðustu umferðina fara í úrslitakeppni.

Úrslitakeppnin skal öll fara fram á sama stað.

Lið númer 1 keppir við lið númer 4.

Lið númer 2 keppir við lið númer 3.

Þau lið, sem fyrr vinna 2 leiki, leika til úrslita.

Þau lið sem töpuðu leika ekki um þriðja sætið, heldur hljóta bæði liðin 3. sæti.

### Úrslitakeppni riðlaskipt

Tvö efstu liðin úr hvorum riðli eftir síðustu umferðina fara í úrslitakeppni. Úrslitakeppnin skal öll fara fram á sama stað.

Lið 1 úr riðli A leikur við lið 2 úr riðli B.

Lið 1 úr riðli B leikur við lið 2 úr riðli A.

Þau lið sem fyrr vinna 2 leiki, leika til úrslita. Þau lið sem töpuðu sínum viðureignum leika ekki um þriðja sætið heldur hljóta bæði 3. Sæti.

### Úrslit:

Það lið, sem fyrr vinnur tvo leiki, sigrar og hlýtur nafnbótina „Íslandsmeistari unglingsaliða.“

## 5. grein

*Frestun viðureignar*

Engar frestanir einstakra leikja eru veittar í Íslandsmóti unglíngaliða.  
Unglinganefnd er þó heimilt að fresta umferð vegna veigamikilla ástæðna.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs.
2. Leikmenn liða eru fjarverandi í keppni á vegum KLÍ.

Unglinganefnd tilkynnir félögum viðkomandi liða, sem og öðrum sem málið kann að varða, um frestun og nýjan leiktíma eins fljótt og auðið er.

## **6. grein**

### *Fjarveruskor*

Ekkert fjarveruskor er í Íslandsmóti unglíngaliða, þó með þeirri undantekningu að ef leikmaður hefur leik og þarf frá að hverfa vegna meiðsla þá fær leikmaður 10% af fjarveruskori, fyrir hvern ramma. Fjarveruskor er 110 stig fyrir hvern leik.

*Breytt á formannafundi 28. apríl 2011*

*Breytt á formannafundi 16. apríl 2015*

*Breytt á formannafundi 28. apríl 2016*

*Breytt á formannafundi 17. maí 17*

*Samþykkt á stjórnarfundum 24. september 2020*

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT UNGLINGA

---

## 1. grein

Íslandsmót unglunga í pílta- og stúlknaflokki skal haldið árlega.

## 2. grein

Keppt skal í fimm flokkum, þ.e.:

1. flokkur	17 – 18 ára	3. flokkur	13 – 14 ára
2. flokkur	15 – 16 ára	4. flokkur	11 – 12 ára
5. flokkur	10 ára og yngri		

Miða skal við afmælisár, nema í efsta flokknum, þar geta þeir sem ekki eru orðnir 19 ára þann 31. ágúst tekið þátt.

## 3. grein

### 1. og 2. flokkur pílta og stúlkna:

Þátttakendur leika 12 leiki í forkeppni og skal spila 6 leiki í senn.

Eftir það spila þrjú efstu í 1. og 2. flokki 3-2-1-1 úrslit og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Heildarskor úr báðum leikjunum ræður úrslitum. Ef heildar skor er jafnt skal hvor aðili kasata einu kasti og sigrar sá sem fellir fleiri keilur. Ef enn er jafnt skal endurtaka þetta þar til úrslit liggja fyrir. Sigurvegarinn hlýtur titilinn „Íslandsmeistari unglunga“ í viðkomandi flokk.

### 3., 4. og 5. flokkur pílta og stúlkna:

Þátttakendur leika 8 leiki í forkeppni og skal spila 4 leiki í senn. Eftir það spila þrjú efstu í 3. flokki 3-2-1-1 úrslit og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Heildarskor úr báðum leikjunum ræður úrslitum. Ef heildar skor er jafnt skal hvor aðili kasata einu kasti og sigrar sá sem fellir fleiri keilur. Ef enn er jafnt skal endurtaka þetta þar til úrslit liggja fyrir. Sigurvegarinn hlýtur titilinn „Íslandsmeistari unglunga í 3. flokki“. Í 4. flokk hlýtur sá/sú sem er efstur/efst eftir forkeppni titilinn „Íslandsmeistari unglunga í 4. flokk“. Ef jafnt er Ef jafnt er eftir forkeppni skulu allir þeir sem jafnir eru hljóta verðlaun fyrir það sæti. Í 5. Flokk hljóta allir keppendur gull.

Flokkarnir skulu spila saman í forkeppninni, þ.e.a.s. keppendur úr t.d. 2. flokk drengja keppa forkeppnina á sama stað á sama tíma eins mikið og mögulegt er.

3., 4. og 5. flokk er heimilt að leika á einni braut.

Ef ekki nást 4 keppendur eða fleiri, skal fella niður úrslitakeppni og hlýtur sá sem efstur/efst er eftir forkeppni titilinn „Íslandsmeistari unglunga í viðkomandi flokk“.

## 4. grein

Samhliða aldursflokkaskiptingunni skal keppt í opnum flokki. Til úrslita í opnum flokki keppa þrjú meðaltalshæstu piltarnir og þrjú meðaltalshæstu stúlkurnar að lokinni forkeppninni (18 leikir og 12 leikir). Keppt er til úrslita sbr. 3. gr. og hlýtur sigurvegarinn í hvorum flokki titilinn „Íslandsmeistari unglunga í opnum flokki“.

## 5. grein

**Unglinganefnd KLÍ sér um framkvæmd mótsins, í samvinnu við mótanefnd (sjá Reglugerð fyrir mótanefnd).**

## 6. grein

Ef skera þarf úr um jafntefli í sætaröðun þá skal síðasti leikur látinn gilda þ.e. sá/sú sem er með hærri leik hlýtur efra sætið. Ef hann er jafn hár þá er farið í næsta leik þar á undan og síðan koll af kalli.

## 7. grein

Hvert félag á umsjón í sínum sal og skal útvega skrifara á hvert brautarpar. Einungis þjálfarar félaganna mega vera ofan í gryfju og skulu auðkenndir sem slíkir og merktir félaginu.

*Breytt á formannafundi 11. apríl 2012*

*Breytt á formannafundi 26. september 2013*

*Samþykkt á 21. Þingi KLÍ 27. maí 2014*

*Breytt á formannafundi 16. apríl 2015*

*Samþykkt á stjórnarfundum 24. september 2020*

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM MEISTARAKEPPNI UNGMENNA

---

## 1. grein

Meistarakeppni ungmenna skal haldin í pilta- og stúlknaflokki.

## 2. grein

Keppt skal í fimm flokkum, þ.e.

- 1. flokkur ~~18—19—20 ára~~ 19 ára og ekdri
- 2. flokkur ~~15—16—17 ára~~ 17 - 18 ára
- 3. flokkur ~~12—13—14 ára~~ 15 - 16 ára
- 4. flokkur ~~9—10—11 ára~~ 13 - 14 ára
- 5. flokkur ~~8 ára og yngri~~ 11 - 12 ára
- 6. flokkur 10 ára og yngri

Allir keppendur í 6.5. flokki fá verðlaunapening í hvert skipti en safna ekki stigum eins og aðrir flokkar.

Miða skal við afmælisár, en keppendur halda sínum flokki fram yfir áramótin og til loka móts.

## 3. grein

Leika skal einu sinni í mánuði, fimm umferðir yfir veturinn.

- 1. flokkur leikur 6 leiki í hverri umferð.
- 2. flokkur leikur 6 leiki í hverri umferð.
- 3. flokkur leikur 6 leiki í hverri umferð.
- 4. flokkur leikur ~~43~~ leiki í hverri umferð.
- 5. flokkur leikur ~~43~~ leiki í hverri umferð.
- 6. flokkur leikur 4 leiki í hverri umferð.

## 4. grein

Raðað er í sæti eftir heildarskori í hverjum flokki. Stig eru gefin fyrir öll sæti í hvert skipti. Stigagjöf er eftirfarandi:

- 1. sæti hlýtur 12 stig
- 2. sæti hlýtur 10 stig
- 3. sæti hlýtur 8 stig
- 4. sæti hlýtur 7 stig
- 5. sæti hlýtur 6 stig
- 6. sæti hlýtur 5 stig
- 7. sæti hlýtur 4 stig
- 8. sæti hlýtur 3 stig
- 9. sæti hlýtur 2 stig
- 10. sæti og neðar hlýtur 1 stig

Viðurkenning verður veitt fyrir 1., 2. og 3. sætið í hvert sinn. Ef fleiri en einn leikmaður er í sætum 1-3 þá taka þeir þá viðurkenningu sem eru fyrir það sæti þ.e. ef þeir eru jafnir í 1. sæti þá eru veitt tvönnar viðurkenningar fyrir 1. sæti og síðan 3. sæti.

Ef tveir eða fleiri eru jafnháir að pinnafalli skulu þeir skipta stigum.

Leikmaður safnar stigum, taldar eru fjórar bestu umferðirnar og eftir að allar umferðirnar hafa verið leiknar hlýtur stigahæsti leikmaðurinn í 1. flokki pilta, sem leikið hefur a.m.k. þrjár umferðir, nafnbótina „Meistari ungmenna í 1. flokki pilta“ og sama gerist í öllum flokkum pilta og stúlkna. Ef tveir eða fleiri eru jafnháir að stigum er raðað eftir meðaltali leikmanns í mótinu. Ef enn er jafnt skulu allir þeir leikmenn sem jafnir eru fá verðlaun.

### **5. grein**

Unglinganefnd KLÍ sér um framkvæmd mótsins í samvinnu við mótanefnd.

*Breytt á formannafundi 29. apríl 2009  
Breytt á formannafundi 12.mái 2014  
Breytt á formannafundi 16.apríl 2015  
Breytt á formannafundi 28. apríl 2016  
Samþykkt á stjórnarfundum 24. september 2020*